



2. stjórnarfundur LH

7. janúar 2021 kl. 20.00

Fjarfundur

Mætt: Guðni Halldórsson formaður, Stefán Logi Haraldsson, Sóley Margeirsdóttir, Eggert Hjartarson, Hákon Hákonarson, Siguroddur Pétursson og Gréta V. Guðmundsdóttir úr aðalstjórn. Aníta Aradóttir, Einar Gíslason, Lilja Björk Reynisdóttir og Ómar Ingi Ómarsson úr varastjórn.

Fjarverandi: Ingimar Baldvinsson úr varastjórn.

Fundargerð ritar: Berglind Karlsdóttir

Formaður setur fund og stjórnar fundi.

1. Fundargerð 1. fundar samþykkt

2. Íslandsmót barna og unglinga 2021

Hestamannafélagið Sörli óskar eftir að halda Íslandsmót barna og unglinga 2021 á mótssvæði sínu á Sörlavöllum dagana 15. til 18. júlí.

Afgreiðsla: Samþykkt að fela Hestamannafélaginu Sörla að halda Íslandsmót barna og unglinga 15.-18. júlí 2021.

3. Úrskurður aganefndar 1/2020

Aganefnd úrskurðaði að ógilda skuli Metamót Spretts í heild sinni vegna formgalla á mótsskýrslu. Í kjölfarið lagði Hestamannafélagið Sprettur fram formlega beiðni um að fá aðgang að mótsskýrslunni og leiðrétt hana. Stjórn varð við þeirri beiðni og sendi í kjölfarið mótsskýrsluna aftur til aganefndar til umfjöllunar.

GDLH óskar eftir svörum um hvort og hvaða heimild stjórn hafi til að biðja aganefnd um að taka aftur upp mál sem hafi þegar verið úrskurðað um og beindi sömu spurningu einnig til laganefndar.

Afgreiðsla: Formanni falið að hafa samband við formann aganefndar og athuga hvenær niðurstöðu nefndarinnar er að vænta. Formanni einnig falið að upplýsa GDLH að þeim verði svarað þegar niðurstöður aganefndar og laganefndar liggja fyrir.

4. Hæfis- og siðareglur stjórnar

Í ljósi þess að stjórnarmenn hafa mismunandi hagsmuna að gæta, þykir rétt að setja reglur um að menn víki þegar fjallað er um málefni þar sem viðkomandi stjórnarmaður á hagsmuna að gæta.

Afgreiðsla: Framkvæmdastjóra falið að gera drög að reglum fyrir vinnuhelgi stjórnar.

5. Vinnuhelgi stjórnar

a. Dagsetning

Lagt er til að fundað verði í Íþróttamiðstöðinni Laugardal.

Föstudag 15. janúar kl. 16.00-19.00

Laugardag 16. janúar kl. 9.00 – 16.00

b. Verkefni vinnuhelgar:



- Stjórnarfundaplan ársins
- Tímalína verkefna
- Nefndir
 - Formenn og nefndamenn
 - Fulltrúi LH í verkefnastjórn Horses of Iceland
 - Fulltrúar LH í stjórn LM ehf.
 - Fulltrúi LH í verkefnastjórn Sportfengs v. samninga við Norðurlönd
 - Verkefni nefnda

Eggert Hjartarson kemur inn á fund.

6. Fjármál LH

Lagt er til að framkvæmdastjóri sjái um greiðslu reikninga og bókhaldi verði útvistað. Samið verði við löggiltan endurskoðanda til að stilla upp ársreikningum. Reikningar sem eru utan hefðbundins reksturs fá samþykkt hjá formanni eða gjaldkera áður en þeir eru greiddir.

Afgreiðsla: Samþykkt.

7. Frumvarp um Hálandisþjóðgarð

Óskað er eftir umsögnum um frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð, frestur til að skila umsögn er 1. febrúar.

Afgreiðsla: Samþykkt að fela Grétu að gera drög að umsögn og leggja fyrir vinnuhelgina.

8. Meistaradeild ungmenna – beiðni um styrk

Meistaradeild ungmenna óskar eftir styrk að fjárhæð 100.000 kr. til að halda fyrirlestur fyrir keppendur deildarinnar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

9. Kostnaður vegna dómgæslu á mótum – erindi frá Hestamannafélaginu Geysi

Hestamannafélagið Geysir óskar eftir svari um hvort LH, HIDI og GDLH ætli að koma á jöfnunarsjóði fyrir ferðakostnaði og upphaldi dómara til að það kosti öll hestamannafélög jafnt að halda mót hvar sem þau eru staðsett á landinu.

Afgreiðsla: Skrifstofu falið að kanna hvernig dómaramálum er háttað hjá öðrum sérsamböndum og hvort þau reki jöfnunarsjóði fyrir dómarakostnaði.

10. FEIF Delegates Assembly 2021

Delegates Assembly FEIF þings 2021 fer fram með rafrænum fundi 13. febrúar. Atkvæðagreiðslur verða rafrænar og engar umræður fara fram. Hvert aðildarland FEIF má senda tvo fulltrúa á fundinn og tilkynna þarf fulltrúa til FEIF í síðasta lagi 30. janúar. Formannafundur aðildarlanda verður haldinn 14. febrúar.

Afgreiðsla: Samþykkt að Guðni og Sóley sæki fundinn.

11. Lög um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna

Þann 30. des. var haldinn kynningarfundur fyrir íþróttahreyfinguna með félagsmálaráðherra um nýsamþykkt lög um greiðslur til íþróttafélaga vegna launakostnaðar. Tilgangur laganna er að tryggja áframhaldandi ráðningarsamband þjálfara og annarra starfsmanna íþróttafélaga til að



sem sem minnstar raskanir verði á íþróttastarfi til lengri tíma lítið vegna Covid19. Skilyrði fyrir greiðslum eru að félagi hafi verið gert að fella niður starfsemi að hluta eða öllu leyti vegna opinberra sóttvarnaraðgerða og starfsmaður hafi ekki getað sinnt starfi sínu af þeim sökum. Lögin gilda afturvirktil til 1. október 2020 og til 30. júní 2021. Reiknað er með að umsóknarkerfi Vinnumálastofnunar verði tilbúið í lok janúar.

12. Afrekssjóður ÍSí

a. Framkvæmdastjórn ÍSí samþykkti 28. desember sl. úthlutun úr Afrekssjóði ÍSí vegna verkefna ársins 2021 til Landssambands hestamanna að upphæð kr. 12.400.000.

b. Stjórn Afrekssjóðs ÍSí samþykkti 22. desember sl. að lækka heildarstyrkveitingu til LH vegna ársins 2020 um kr. 400.000, út frá þeim gögnum sem LH hefur sent inn til sjóðsins sem uppgjör vegnar ársins 2020. Enginn kostnaður fellur til hjá LH vegna alþjóðadómaramaréttinda og menntun þjálfara á árinu 2020.

13. Samningar við Noreg og Svíþjóð um notkun SportFengs

Í lok árs voru undirritaðir samningar til fimm ára milli RML, LH og Noregs annars vegar og Svíþjóðar hins vegar um notkun SportFengs.

Fundi slitið um kl. 16:30